

Ed.

323. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Frumvarp þetta, sem er komið hingað í deildina frá háttv. neðri deild, fer fram á, að lækkuð sjeu eftirlaun ráðherra niður í 1000 kr., en þó jafnframt gert ráð fyrir, að hafi ráðherrann rjett til annara eftirlauna, af því hann hefir áður verið embættismaður í embætti með eftirlaunarjetti, þá haldi hann einnig þeim eftirlaunum.

Að efninu til er frumvarp þetta því svipað frumvarpi því um sama efni, sem til meðferðar var á þinginu 1911, en sem ekki náði þá fram að ganga.

Nefndin hefir ekki getað orðið fyllilega samdóma um efni málsins. Tveir nefndarmanna telja rjett, að eftirlaun ráðherra sjeu lækkuð, þótt þau, eins og nú stendur, ekki verði afnumin, en einn nefndarmaður (Á. F.) vill ekki láta breyta ákvæðunum, sem nú eru í gildi, nema launakjör ráðherra sjeu þá jafnframt at-huguð og sjerstaklega að því er snertir risnufje.

Um orðalag frumvarpsins tekur nefndin það fram, að henni virðist síðasta málsgrein 1. gr. vera óljós, og að betur hefði mátt orða 1. gr. Um þetta er enginn ágreiningur meðal nefndarmanna.

En um það hver áhrif þetta eigi að hafa á framgang málsins eru nefndarmennirnir ekki samdóma.

Einn nefndarmaðurinn (Á. F.) vill láta fella frumvarpið bæði vegna efnis og orðalags, annar nefndarmaðurinn (E. J.) vill láta gera breytingu á orðalagi 1. gr., en þriðji nefndarinn (J. B.) vill að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, af því hann telur líklegt, að það nái ekki fram að ganga að öðrum kosti.

Tillögur nefndarinnar eru því þessar:
Einn nefndarmaðurinn (Á. F.) ræður háttvirtri deild til að fella frumv.
Hinir tveir nefndarmennirnir ráða deildinni aftur á móti til að samþykkja frumvarpið með eða án breytinga á orðalagi þess.
Annar þeirra (J. B.) ræður deildinni til að samþykkja frumvarpið óbreytt.
Hinn (E. J.) ræður til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu þeirri á 1. gr. er hjer fer á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR

1. Við 1. gr. Önnur málsgrein verði svo hljóðandi:
Nú hefir ráðherra gegnt embætti, er eftirlaun fylgja, áður en hann tók við ráðherradæmi, og heldur hann þá einnig óskertum rjetti til þeirra eftirlauna.
2. Við 1. gr. Síðasta málsgreinin falli burt.

Efri deild Alþingis, 19. ág. 1912.

Einar Jónsson,
formaður.

Jósef Björnsson,
skrifari og framsögumaður.

Aug. Flygenring.